

Nr. 17-105 S 080 Öngull ÍS 93***Vélarvana og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 6345
Útgerð: Halldór Antonsson
Smíðaður: Mótun, 1982, trefjaplast.
Stærð: 5,15 brl. 4,25 bt.
Mesta lengd: 7,82 m Skráð lengd: 7,48 m
Breidd: 2,45 m Dýpt: 1,50 m
Vél: Yanmar, 140 kw, 2001.
Fjöldi skipverja: 1



Öngull © Grétar Sæþórsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 27. nóvember 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 12. júlí 2017 var Öngull ÍS 93 á strandveiðum í Ísafjarðardjúpi. Veður: NV 3 m/s.

Á siglingu í land bilaði hældrifið á bátnum og óskað var eftir aðstoð. Gugga ÍS 63 dró Öngul til hafnar í Bolungarvík.

Við rannsókn kom fram:

- að gaffall sem ber upp hældrifið brotnaði öðru megin og við það skemmdist hjöruliður á driföxlinum;
- að báturinn var á sex mílna ferð þegar hann bilaði;
- að skipverjinn varð ekki var við að fá rekald í skrúfunu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.